

Nd.

402. Frumvarp til laga

[206. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans og Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjórir lögbundnir lífeyrissjóðir hafa nú skilyrðislaus ákvæði um tryggingu í 1. veðrétti í fasteignum eða ríkisábyrgð, þegar lífeyrissjóðslán eru úr þeim tekin.

Þessir sjóðir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Fimmti lögbundni sjóðurinn, Lífeyrissjóður bænda, er ekki bundinn að lögum um tryggingar, en í 5. gr. laga nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, segir: „Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni“ — og enn fremur: „Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og veðbréfa kaup.“

Misræmið milli lögbundnu sjóðanna, fjögurra þeirra, og ákvæða um þessi efni hjá ólögbundnu sjóðunum kom m. a. fram við flutning frv. um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna nú fyrir skömmu.

Á þetta er einnig bent rækilega í jákvæðri umsögn fjármálaráðuneytisins um það frv. og einnig erfiðleikana við að framkvæma ákvæði framangreindra laga um að skylt sé að tryggja með 1. veðrétti í fasteignum lífeyrissjóðslán úr sjóðum þessum.

Húsnæðismálastjórn krefst undantekningarlaust 1. veðréttar. Hafa stjórnir lífeyrissjóðanna því freistast til að lána með 1. veðrétti B er víki fyrir lánnum húsnæðismálastjórnar. Hafi lántaki 1. veðrétt bundinn af einhverjum öðrum lánnum en húsnæðismálastjórnar, hefur hann orðið að ganga í byggingarsamvinnufélag til að eiga kost á ríkisábyrgð skv. ákvæðum C-liðar 15. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Með lögum nr. 59/1973 átti að takmarka mjög veitingu ríkisábyrgða, en í 11. gr. laga þessara segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 26/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafist hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku þessara laga.“

Í reynd hefur, allt frá því að lög nr. 59/1973 tóku gildi, engin heimild verið til veitingar ríkisábyrgða vegna húsa sem hafist var handa við að byggja eftir 1. janúar 1974. Slíkt hefur þó verið gert til að gera mönnum kleift að taka út lífeyrissjóðslán sín.

Í fram komnu frumvarpi um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna er lagt til að skylt sé að hafa veðtryggingu í fasteign innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar eins og það er á hverjum tíma.

Nú hefur verið upplýst af fjármálaráðuneytinu, að við veitingu ríkisábyrgðar hafi það yfirleitt miðað við að eigi sé farið yfir 50% af brunabótamati. Heimilað hefur þó verið að fara allt upp í 65% af brunabótamatinu. Reynt hefur verið að greiða fyrir fólki, er fest hefur kaup á litlum íbúðum, þannig að íbúðirnar gætu í reynd verið að veði fyrir húsnæðismálastjórnarláni, lífeyrissjóðsláni og upphæð þar til viðbótar er svarar til hálfis láns húsnæðismálastjórnar. Slík lán hafa stundum fengist hjá sparissjóðum eða hjá aðilum sem gera mjög strangar veðtryggingarkröfur. Ýmsir lífeyrissjóða hafa 60—65% mörk, t. d. Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra og Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Telja verður óráðlegt með hliðsjón af ofansögðu að binda veðtrygginguna við 50 hundraðshluta af brunabótamati. Lagt er hér til að veðtryggingin verði að hámarki 65% og það verði á valdi stjórnar að hvaða marki hún sé nýtt.

Félagsmálanefnd Nd. hefur samþykkt að mæla með samþykkt frumvarpsins um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna með breytingu sem er samhljóða því frv. sem hér er flutt.

Í erindi fjármálaráðuneytisins kemur fram að 1. veðréttur sé sjaldnast laus vegna húsnæðismálastjórnarlána og lagaheimild ekki fyrir hendi til veitingar ríkisábyrgðar þegar um nýbyggingar er að ræða. Brýna nauðsyn ber því til að breyta tryggingarákvæðum hjá öllum þeim sjóðum, er að lögum eru bundnir við 1. veðrétt eða ríkisábyrgð með útlán sín. Leggur ráðuneytið til að veðtryggingarákvæði verði samhljóða í lögum lífeyrissjóða sjómanna, starfsmanna ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkvenna.

Flytja flutningsmenn þessa frumvarps því tvö önnur frumvörp til sjálfsgörðrar samræmingar og er lagt til í þeim að veðtryggingarákvæðin verði samhljóða þeim sem félagsmálanefnd Nd. leggur til að verði í lögum um lífeyrissjóð sjómanna.